



## Faghópur 3

### Fundargerð 13. fundar

RHA, Akureyri, 30. nóv. 2009, kl. 8:30-12:00

**Mætt:** Kjartan Ólafsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Daði Már Kristófersson (í símasambandi að hluta), Guðmundur Guðmundsson.

#### Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. **Hagkvæmni virkjunarkosta.** Starfsmaður gerði grein fyrir þeirri breytingu faghóps 4 að miða stofnkostnað áformaðra virkjana við janúar 2009 í stað jan. 2008. Útreikningar sýndu að kostnaður vegna vatnsfalsvirkjana hefði hækkað um 23% en jarðvarmavirkjana um 42%. Lækkað gengi íslensku krónunnar er ein megin skýringin en einnig hækkandi heimsverð á ýmsum aðföngum, t.d. stáli. Faghópur 3 mun nota þessa útreikninga sem einn grunn-þátt matsvinnu. Rætt var um hvort þessar hækkanir gætu e.t.v. gengið til baka að hluta, t.d. ef staða krónunnar styrktist. Daði sagði af fundi Hagfræðistofnunar HÍ þar sem rætt var um framtíð krónunnar að verulegur efi væri um að hún styrkist á næstu misserum og jafnvel árum. Starfsmanni var falið að koma þeim skilaboðum til faghóps 4 að varast bæri að einfalda framreikning vegna hagkvæmnimats.
3. **Bið eftir nýjum gögnum.** Ákveðið var að nýta það svigrúm skapast hefur vegna seinni skila annarra faghópa t.íða bíða eftir nýjustu gögnum. Viðbúið að lokaspjall og síðustu fundir dragist fram yfir áramót.
4. **Lokaskýrsla.** Ákveðið var að Kjartan, Daði og Jóhannes taki að sér að setja upp drög að efnisyfirliti og grind fyrir lokaskýrslu og hefjist handa við að „hlaða“ inn efni. Samdóma álit er um að almennur kafli skýrslunnar þar sem reifaðar eru forsendur fyrir mati verði ítarlegur. Sýnt þykir að stærsti áhrifaþáttur aukinnar rafmagnsnotkunar eru stórnotendur þar sem almenni markaðurinn kallar í raun á litla aukningu. Önnu meginbreyta tengist fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu; því fjær sem virkjunarkosturinn er því meiri staðbundnum áhrifum má búast við.
5. **Næstu fundir.** Næsti fundur var ákveðinn 21. desember. Norðanfolk verði í RHA en sunnanmenn verða í fjarsambandi frá Reykjavík. Á fundinum verður farið yfir efnisyfirlit og hugað á grunntexta. Þá verður einnig tekið saman það nýja efni sem von er á. Næsti reglulegi fundur verður haldinn á nýju ári.